

Fundargerð 236. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fjárfundur haldinn fimmtudaginn 10.mars 2022 kl.14:00 -16:00.

Viðstaddir: Halldór Eiríksson formaður, Pétur Óskarsson, Lóa Þórhallsdóttir og Dagný Arnarsdóttir.

Frá FMS: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir og Snorri Valsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 203 - 235.
Undirritun frestað.
2. Umsóknarferli 2022 - FF17 – önnur yfirferð umsókna án ákvörðunar.
 - a. Farið var yfir tillögur stjórnar að styrkuppþæð við yfirferð umsókna.
3. Annað.
 - a) Halldór greindi frá fundi sem stjórnin átti með ráðherra ferðamála fyrr um daginn.
 - b) Verklagsreglur stjórnar varðandi umsóknir á áfangastaðaáætlunum samþykktar og munu þær taka gildi í haust eða fyrir næstu úthlutun. Þær eru eftirfarandi:
Umsóknir um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða sem eru í áfangastaðaáætlun síns svæðis geta fengið allt að 10 stig ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - Verkefnið er tilgreint í áfangastaðaáætlun eða aðgerðaráætlun svæðisins sem eru í opinberri birtingu í lok umsóknarfrests, sem að öllu jöfnu er í lok október á hvert.
 - Í áfangastaðaáætlun eða aðgerðaráætlun er nánari verkefnalýsing fyrir verkefnið þannig að hægt verði að meta styrkhæfni þess miðað við lög og reglur sjóðsins. Í verkefnalýsingu kemur fram markmið verkefnis, stutt og hnitmiðuð verkefnalýsing og helstu verkþættir.

Næsti fundur:

17. mars

Fundi slitið kl. 16:00

Fundargerð ritaði: Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir

Undirskriftir stjórnarmanna